

Þriðjudaginn 6. maí 1986.

Nr. 165/1984. **Örn Þór**

(sjálfur)

gegn

eigendum Sigurjónsson & Thor s/f

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Firma. Heiti. Tómlæti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst s.á., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að gagnáfrýjendum verði dæmt skylt að fella niður nafnið THOR úr heiti sameignarfélagsins Sigurjónsson & Thor í firmaskrá Reykjavíkur og að þeim verði dæmt óheimilt að nota orðið THOR, hvort heldur er á bréfhausum félagsins, í auglýsingum, á nafnspjöldum, eða að auðkenna sameignarfélagið á hvern hugsanlegan hátt með orðinu THOR. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Að endingu krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum í gagnsök.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1984 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir gera þær dómkröfur í aðalsök, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda og í gagnsök, að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni á sviði einkaleyfa, vörumerkja og annarra iðnaðarréttinda orðið Thor eða annað auðkenni, sem ekki er til þess fallið að greina starfsemi hans nægjanlega frá firmanu Sigurjónsson og Thor sf., svo og að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða auðkenna starfsemi sína á fyrrgreindu sviði á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt stofnsamningi firmans Sigurjóns og Þór, einkaleyfaskrifstofa, var nafn þess svo sem að framan greinir, og tekið fram, að á ensku væri heiti þess: Sigurjónsson & Thor, Patentbureau. Á árinu 1973 seldi áfrýjandi Sigurgeiri Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni hlut sinn í firmanu frá 1. júní þess árs að telja. Enginn fyrirvari var gerður um nafn firmans, er salan fór fram. Ég tel því, að við söluna hafi áfrýjandi misst allan íhlutunarrétt um nafn firma þessa, og þar með veitt samþykki það sem um getur í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Með þessum röksemdum er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., höfðaði Örn Þór hrl., nnr. 9927-4328, Óðinsgötu 4, Reykjavík, gegn eigendum sameignarfélagsins Sigurjónsson & Thor, nnr. 7981-9905, Óðinsgötu 4, Reykjavík, þeim Gunnari H. Sigurgeirssyni, nnr. 3385-4498, Boðagrandu 7, Reykjavík, Ingu Sigurgeirsdóttur, nnr. 4544-2098, Heiðargarði 23, Keflavík, Kristínu Sigurgeirsdóttur, nnr. 5781-2435, Birmingham, Alabama, U.S.A., Margréti Sigurgeirsdóttur, nnr. 6392-6450, Skagaseli 6, Reykjavík og Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., nnr. 7937-4458, Seljagerði 3, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 18. mars 1983.

Stefndu höfðuðu gagnsök með stefnu birtri 7. júní 1983.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær að stefndu verði að viðlögðum dagsektum dæmt skylt að fella niður nafnið Thor úr heiti sameignarfélagsins, að þau verði dæmd skyld til að afmá orðið Thor úr heiti félagsins í firmaskrá Reykjavíkur og að þeim verði talið óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum félagsins, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða

auðkenna sameignarfélagið á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefst stefnandi í aðalsök málskostnaðar úr höndum stefndu in solidum að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og hann dæmdur til að greiða þeim ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnenda í gagnsök eru þær að gagnstefnda verði að viðlögðum dagsektum dæmt óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni orðið Thor eða annað auðkenni sem ekki er til þess fallið að greina starfsemi hans nægjanlega frá firmanu Sigurjónsson og Thor sf. svo og að honum verði óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða auðkenna starfsemi sína á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefjast stefnendur í gagnsök málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær að hann verði sýknaður og gagnstefnendum verði gert að greiða honum málskostnað.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í ágústánuði árið 1970 stofnuðu þeir aðalstefnandi Örn Þór hrl. og aðalstefndi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. með sér sameignarfélag. Samkvæmt stofnsamningi er tilgangur félagsins sá að annast skráningu vörumerkja, einkaleyfa og mynstra svo og að annast leiðbeiningar á sviði iðnaðarréttinda. Í 3. gr. stofnsamningsins segir: „Nafn félagsins er: Sigurjónsson & Þór, einkaleyfisskrifstofa sf. (Á ensku: Sigurjónsson & Thor, Patentbureau).

Þeir Örn og Sigurgeir voru einir eigendur félagsins og átti Sigurgeir 7 hluti en Örn 3 hluti. Þeir munu báðir hafa starfað á skrifstofu félagsins næstu ár.

Ekki kemur glögg fram í skjölum málsins hvort stofnun félagsins var tilkynnt firmaskrárritara en gera verður ráð fyrir að svo hafi verið.

Hinn 1. júní 1973 seldi Örn Sigurgeiri sinn hluta í sameignarfélaginu og kunngerði það firmaskrárritara með svohljóðandi tilkynningu:

„Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að ég undirritaður Örn Þór hrl., Hjálmholti 12, Reykjavík, hefi selt hr. Sigurgeir Sigurjónssyni hrl., Skaftahlið 9, Reykjavík, hlut minn í sameignarfélaginu Sigurjónsson og Þór sf. frá og með 1. júní 1973. Eru því allar skuldbindingar félagsins frá þeim tíma mér óviðkomandi.“

Jafnframt er send önnur tilkynning um eigendaskipti að sameignarfélaginu svohljóðandi:

„Samkvæmt framanrituðu hefi ég undirritaður, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Skaftahlið 9, Reykjavík, keypt hlut Arnar Þór, Hjálmholti 12, Reykjavík, í sameignarfélaginu Sigurjónsson & Þór sf., Reykjavík frá og með 1. júní 1973.

Jafnframt tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að við undirrituð Gunnar H. Sigurgeirsson fulltrúi, Sólvallagötu 41, Reykjavík, Inga Sigurgeirsdóttir frú, Álftahólum 8, Reykjavík, Kristín Sigurgeirsdóttir frú, Bollagötu 14, Reykjavík og Margrét Sigurgeirsdóttir flugfreyja, Skaftahlið 9, Reykjavík, höfum gerst félagar í nefndu sameignarfélagi frá og með 30. maí 1973.

Prókúruhafi félagsins er Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Óðinsgötu 4, hér í borg, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sigurjónsson og Þór sf.
S. Sigurjónsson.

Jafnframt afturkallast prókúra sú er þeir Sigurgeir Sigurjónsson og Örn Þór höfðu áður í sameiningu fyrir firmað.“

Tilkynningu þessa undirrita í Reykjavík hinn 1. október 1973 Sigurgeir Sigurjónsson og hinir nýju eigendur sameignarfélagsins.

Þrátt fyrir það að aðalstefnandi seldi hlut sinn í sameignarfélaginu var hann á launum hjá því fram á árið 1976.

Á almennum fundi í sameignarfélaginu 28. janúar 1980 var samþykkt að breyta nafni félagsins frá þeim degi í Sigurjónsson & Thor sf. og var það tilkynnt firmaskrárritara með tilkynningu dagsettri sama dag.

Aðalstefnandi kveðst hafa stofnað málflutningsskrifstofu árið 1965 og rekið hana óslitið síðan. Frá árinu 1977 hafi hann aðallega starfað að skráningu erlendra einkaleyfa og vörumerkja og því sinnt sömu störfum og firmað Sigurjónsson og Thor sf. Í viðskiptum þessum, sem að langmestu leyti séu við erlenda aðila, riti hann nafn sitt og verði að rita Örn Thor þar sem stafirnir Ö og Þ séu ekki til í erlendum tungum. Símnafni sitt sé ORNTHOR.

Aðalstefnandi segir að við sölua á hlut hans í sameignarfélaginu hafi þeir Sigurgeir ekki rætt um nafnbreytingu á félaginu en hann hafi þá talið ólíklegt að ættarnafni sínu yrði haldið áfram sem firmanafni. Aðalstefnandi kveðst tvívegis hafa farið þess á leit við aðalstefnda Sigurgeir að ættarnafn sitt yrði fellt niður úr nafni félagsins, í fyrra skiptið um vorið 1977 eða 1978 og í síðara skiptið um vorið 1979, en í bæði skiptin hafi Sigurgeir hafnað þessari málaleitan. Aðalstefndi Sigurgeir kveður aðalstefnanda aldrei hafa farið þess á leit við sig.

Aðalstefnandi heldur því fram að krafa hans til þess að nafnið Thor verði fellt niður úr heiti sameignarfélagsins sé ekki fallin niður fyrir tómlæti. Hann hafi verið á launum hjá félaginu fram á árið 1976 og á því tímabili hafi hann því ekki getað krafist þess að nafnið yrði fellt niður úr heiti sameignarfélagsins. Það hafi ekki liðið nema 6 ár og 8 mánuðir frá því að hann hætti störfum hjá sameignarfélaginu þar til mál þetta hafi verið

höfðað. Enn skemmri tími sé liðinn frá því að nafni sameignarfélagsins hafi verið breytt í Sigurjónsson & Thor sf. og sé krafan að nafnið Thor verði fellt niður úr heitinu engan veginn fallin niður fyrir tómlæti. Aðalstefnandi heldur því fram að nafnið Thor í heiti sameignarfélagsins sé ættarnafn sitt ritað á ensku.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á því að samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 megi enginn í firma sínu hafa nafn annars manns án hans leyfis. Í 12. gr. sömu laga segi að fari maður úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð megi eigi halda nafni hans nema hann hafi leyft það. Aðalstefnandi kveðst eigi hafa leyft aðalstefndu að nota nafn sitt í heiti félagsins og tvívegis fyrir málsókn þessa hafi hann krafist þess að nafn sitt yrði fellt niður úr heiti félagsins eins og að framan greinir.

Þá vísar aðalstefnandi til 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Aðalstefnandi heldur því fram að notkun nafnsins Thor í heiti sameignarfélagsins hafi valdið ruglingi þannig að hann sé talinn vera eigandi að félaginu bæði hér á landi og erlendis, ennfremur hafi símskeyti og bréf til sín verið borin út til sameignarfélagsins.

Þess ber að gæta að aðalstefnandi og sameignarfélagið hafa skrifstofur sínar í sama húsi.

Þá getur aðalstefnandi þess að fram til ársins 1978 hafi aðalstefndi Sigurgeir verið félagi í alþjóðafélagi lögmanna og fyrirtækja er skrá vörumerki, U.S. Trademark Association, en frá þeim tíma hafi sameignarfélagið Sigurjónsson & Þór orðið meðlimur. Aðalstefnandi kveðst hafa gengið í félag þetta árið 1979. Auglýsingar sem birtist á vegum þessa félags á starfsemi sinni og starfsemi sameignarfélagsins séu hlið við hlið og valdi það ruglingi að sama nafn sé í báðum auglýsingunum. Sama máli gegni um auglýsingar sem birtar séu annars staðar erlendis um starfsemi sína og sameignarfélagsins.

Aðalstefnandi kveður rugling þennan valda sér óþægindum og fjárhagslegu tjóni.

Aðalstefnandi heldur því fram að það muni engin áhrif hafa á viðskipti sameignarfélagsins þótt nafnið Thor yrði fellt niður úr heiti félagsins því að viðskipti þess séu bundin við Sigurgeir Sigurjónsson hrl. Fjárhagslegt tjón af því yrði mjög lítið en aðalstefndu hafi ekki getað sýnt fram á annað tjón en það sem fylgi því að breyta bréfsefnum félagsins eða prenta ný en hvort heldur sem gert yrði myndi hafa smávægilegan kostnað í för með sér.

Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram að ættarnafn aðalstefnanda Þór sé ekki lengur í nafni sameignarfélagsins. Aðalstefnandi hafi með sölu á hlut sínum í sameignarfélaginu jafnframt selt þeim réttinn til firmanafnsins enda hafi aðalstefnandi engan fyrirvara gert við söluna eða síðar um að félaginu væri óheimilt að nota firmanafnið óbreytt. Hugsanlegur réttur aðalstefnanda til þess að banna notkun á nafninu Thor sem nokkrir menn beri reyndar hérlandis sé fallinn niður vegna tómlætis aðalstefnanda í síðastliðin 9 ½ ár. Í starfsemi sinni riti aðalstefnandi nafn sitt Orn Thor og hafi gert allt frá árinu 1977. Hann hafi því breytt réttri nafnritun sinni og þar með brotið þá grundvallarreglu að menn megi ekki breyta nöfnum sínum. Aðalstefnandi hafi tekið upp ólöglega nafnið Thor úr firmanafni sameignarfélagsins og með því skapað sjálfur þá ruglingshættu sem fyrir hendi kunni að vera á milli aðila málsins. Ef aðalstefndu yrði gert að breyta nafni sameignarfélagsins hefði það mikið fjárhagslegt tjón í för með sér. Kröfur sínar í gagnsök byggja gagnstefnendur á því að gagnstefndi hafi með því að reka sams konar starfsemi og sameignarfélagið undir nafninu Orn Thor skapað ruglingshættu. Hann hafi með þessari aðferð brotið gegn 9. og 10. gr. laga nr. 42/1903, 26., og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 56/1978, svo og gegn alþjóðlegum reglum um vernd firmanafns. Gagnstefndi hafi engan lagalegan rétt til þess að nota nafnið Thor í atvinnurekstri sínum sem upphaflega hafi verið hluti hins skráða enska nafns sameignarfélagsins, en þennan hluta nafnsins hafi gagnstefndi selt gagnstefnanda Sigurgeiri í september 1973 og þar með heimilað gagnstefnendurum notkun nafnsins Þór, enda látið það óátalið síðan. Hann hafi með þessum hætti útilokað sig frá því að nota nafnið Þór eða Thor í firmanafni. Gagnstefnda sé og óheimilt að rita nafn sitt Orn Thor samkvæmt lagareglum um íslensk mannanöfn.

Gagnstefndi heldur því fram að hann beri ættarnafn sitt með fullum rétti lögum samkvæmt og er því ekki mótmælt af gagnstefnendum. Gagnstefndi kveðst ekki geta ritað nafn sitt á erlendum tungum öðru vísi en Orn Thor og það hafi hann gert allt frá því hann hóf rekstur lögmannsskrifstofu sinnar árið 1965 en þá hafi hann byrjað erlend viðskipti sem hafi gert honum þessa ritun nafnsins nauðsynlega. Lögmannsskrifstofu sína kveðst gagnstefndi hafa rekið óslitið til þessa dags, en hann hafi árið 1977 tekið að skrá erlend vörumerki og noti nafnið Orn Thor í þeim viðskiptum eins og í öðrum erlendum viðskiptum sínum. Gagnstefndi kveðst hafa látið skrásetja símnafnið ORNTHOR 8. febrúar 1974.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er að heiti þess félags, er aðalstefnandi Örn Þór og aðalstefndi Sigurgeir Sigurjónsson stofnuðu í ágústmánuði árið 1970, var samsett af föðurnafni Sigurgeirs, Sigurjónsson, og ættarnafni Arnar, Þór, en sam-

kvæmt 3. gr. stofnsamnings félagsins fékk það heitið Sigurjónsson & Þór, einkaleyfisskrifstofa sf. Í sömu grein stofnsamnings félagsins er tekið fram að firmað sé á ensku ritað Sigurjónsson & Thor, Patentbureau.

Þá er og óumdeilt að aðalstefnandi gerði ekki kröfu til þess er hann seldi aðalstefnanda Sigurgeiri sinn hluta í félaginu í júnímánuði árið 1973 að ættarnafn hans yrði fellt niður úr heiti félagsins eða gerði fyrirvara þar um. Aðalstefnandi gerði ekki heldur kröfu í þessa átt þegar hann hætti að taka laun hjá félaginu um mitt ár 1976. Aðalstefnandi kveðst fyrst hafa gert kröfu um að ættarnafn sitt yrði fellt niður úr heiti félagsins annað hvort árið 1977 eða 1978 og síðar árið 1979, í bæði skiptin munnlega. Við þetta kannast aðalstefndi Sigurgeir ekki. Aðalstefnandi höfðar síðan mál þetta með stefnu birtri 18. mars 1983 eins og fyrr greinir.

Í janúarmánuði árið 1980 breyttu aðalstefndu nafni félagsins í Sigurjónsson & Thor sf.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð má enginn í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis, sbr. og niðurlagsákvæði 12. gr. sömu laga. Þótt nú sé notað nafnið Thor í heiti sameignarfélags aðalstefndu Sigurgeirs Sigurjónssonar og barna hans, eins og frá upphafi var gert þegar heiti félagsins var ritað á ensku, verður engu síður að líta svo á að um sé að ræða ættarnafn aðalstefnanda Arnar Þór.

Ekki er upplýst að aðalstefnandi hafi berum orðum heimilað aðalstefndu að nota ættarnafn sitt í heiti félagsins en hins vegar hefur hann látið það afskiptalaust með þeim hætti og í þann tíma að telja verður að réttur hans til þess að nafnið verði fellt niður úr heiti félagsins sé fallinn niður af þeim sökum. Ber því að sýkna aðalstefndu af kröfum aðalstefnanda.

Telja verður leitt í ljós, enda er því ekki mótmælt af gagnstefnendum, að gagnstefndi hafi í erlendum viðskiptum lögmannsskrifstofu sinnar sem hann rekur einn ritað nafn sitt Orn Thor frá upphafi. Víst er að frá árinu 1977 er hann hóf að annast milligöngu um skrásetningu erlendra vörumerkja og einkaleyfa hér á landi ritaði hann nafn sitt með þessum hætti í viðskiptum við erlenda aðila. Vitað er að í þeim erlendu tungum, sem algengast er að Íslendingar noti, er bókstafinn Þ ekki að finna og í sumum þeirra ekki heldur bókstafinn Ö. Verður af þessum sökum að telja ekki óeðlilegt út af fyrir sig né ólögmætt af gagnstefnda að nota framangreindan rithátt í viðskiptum sínum við erlenda aðila og reka lögmannsskrifstofu sína með því að kenna hana við Orn Thor.

Eins og að framan greinir er niðurstaða dómsins í aðalsök sú að aðalstefndu skuli heimilt að halda nafninu Thor í firmaheiti sínu. Það þykir þó ekki veita gagnstefnendum rétt til þess eins og atvikum málsins er háttað að gagnstefndi hætti að rita föðurnafn sitt á þann veg sem hann hefur

tíðkað í atvinnustarfsemi sinni. Ber þar m.a. að líta til þess að í báðum tilvikum er aðeins um að ræða hluta af nafni sameignarfélags annars vegar og lögmannsskrifstofu hins vegar en ekki samnefni, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903.

Samkvæmt þessu ber að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnenda. Rétt þykir að aðilar beri sjálfir eigin kostnað í báðum sökum.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndu, Sigurgeir Sigurjónsson, Gunnar H. Sigurgeirsson, Inga Sigurgeirsdóttir, Kristín Sigurgeirsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Arnar Þór.

Gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 145/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Péttri Ingólfssyni

Kærumál. Farbann. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. f.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að sér verði heimilað að setja tryggingu fyrir því að hann komi hingað til lands er sóknaraðili krefst þess. Til vara er krafist styttingar á lengd farbanns. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.